

Minnisblað varðandi:**Kjósarskarðsveg, nr. 48. Vantar 12 km af malbiki til að klára**Málsnr.: 16.03.169
Málalykill: 0.34.5

Kjósverjar ætla að sækja fram og efla hagsæld íbúa sveitarfélagsins á lausnamiðaðan hátt. Hér ríkir bjartsýni og vilji til vera sjálfum okkur nóg, til þess þurfa ákveðnar grunnstoðir að virka. Þar á meðal eru samgöngur mjög mikilvægar. Í dag eru þær hamlandi varðandi frekari þróun á atvinnuuppbyggingu og sveitin ekki í stakk búin að taka á móti þeirri gríðarlegu fjölgun ferðamanna sem er nú staðreynd.

Samgöngumál

Vegagerðin hefur ekki haldið vegum í Kjósinni við sem skyldi á undanförum árum eins og kveðið er á um í 12.gr.vegalaga nr. 80/2007 um veghald.

Ítrekum enn og aftur nauðsyn þess að setja fjármagn í að klára uppbyggingu þjóðvegarsins um Kjósarskarð (vegur nr. 48). Oftan en einu sinni hefur vegurinn verið kominn á fjárhagsáætlun en jafnoft verið tekinn út vegna vegafarmkvæmda annarsstaðar á landinu. Nú er komið að Kjósarskarðsvegi, enda uppbyggingu að mestu lokið og einungis eftir að setja bundið slitlag á hann, alls 12 km.

Þessi vegur er varaleið fyrir vegfarendur á norður- og vesturleið ef veður eða aðrar ástæður hamla umferð um þjóðveg 1 (Kjalarnesið). Nú síðast jókst umferð vegna lokunar Hvalfjarðargangna, þá kom vestur-austur umferðin beint í gegnum Kjósarskarð.

Auk þess er öllum þungaflutningum, sem mega ekki fara í gegnum göngin eða yfir brýrnar við Köldukvísl og Laxá í Kjós beint um Kjósarskarðsveg.

Vegurinn tengir tvo vinsæla ferðamannastaði Þingvelli og hæsta foss landsins Glym.

Eftir að Lyngdalsheiðin opnaði hefur umferð aukist til muna.

Vegurinn hreinlega þolir ekki alla þessa miklu og þungu umferð.

Gefin loforð um framlög í Kjósarskarðsveg	Raunveruleikinn
2007 = 29 Mkr	2007 = 10 Mkr
2008 = 62 Mkr	2008 = 11 Mkr
2009 = 54 Mkr	2009 = 0 Mkr
2010 = 54 Mkr	2010 = 0 Mkr
Samtals: 199 milljónir kr	Samtals: 21 milljónir kr

Í gildandi langtíma samgönguáætlun er gert ráð fyrir 300 mkr á 2.tímabili (2016) og 400 mkr á 3.tímabili til framkvæmda við veginn.

Ástandið í dag þoli ekki meiri bið

